

13. stjórnarfundur Leiknar, fimmtudaginn 3. maí 2007, kl. 13.00 – 14.00.
Haldinn í húsnæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að Skeifunni 8 í Reykjavík.

Dagskrá:

1. Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL)
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Aðalfundur Leiknar fyrir árið 2007.
4. Norrænn vinnufundur um fullorðinsfræðslu og hjálparstarf (sbr. síðasta fund).
5. Vistun verkefna sem samið var um við Mennt.

Mætt: Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og Smári Haraldsson. Birna Gunnlaugsdóttir og Emil Björnsson boðuðu forföll.

1. Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL).

Antra Carlsen aðalfulltrúi NVL og Sigrún Kristín Magnúsdóttur, fulltrúi NVL á Íslandi mættu að eigin ósk til fundar við stjórn Leiknar, til að kynna starfsemi NVL. Antra er stödd á Íslandi vegna ráðstefnu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og NVL um raunfærni sem haldin verður föstudaginn 4. maí.

Antra kynnti tengslanetið, sem starfar undir Norrænu ráðherranefndinni og með fjárstyrk frá henni. Samkvæmt skipuriti má lýsa uppbyggingu á þennan veg:

Norræna ráðherra nefndin (Nordisk Ministerråd (NMR), starfar undir Norðurlandaráði)
(<http://www.norden.org>)

Undir ráðherranefndinni starfa nokkur samstarfssvið og er eitt þeirra fullorðinsfræðsla.

Undir því starfar embættismannanefnd þar sem sitja frá Íslandi þeir
Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri og Stefán Stefánsson deildarstjóri.



Stýrihópur fullorðinsfræðslu (Styregruppen for Voksnes Læring (SVL)) → Nordplus Voksen
Fulltrúi Íslands: Ólafur Grétar Kristjánsson sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu.



Samstarfsnet um fullorðinsfræðslu (Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL))
(<http://www.nordvux.net/>)

Antra Carlsen, aðalfulltrúi á aðalstöðvunum í Hässleholm í Svíþjóð. Þar er einnig Kate Sevón.
Antra er í fullu starfi. Í hverju landi eru fulltrúar í 50% starfi. Þeir eru:

- Carola Lindholm í Finnlandi.
- Ellen Stavlund í Noregi.
- Mette Iversen í Danmörku.
- Nils Friberg í Svíþjóð.
- Sigrún Kristín Magnúsdóttir á Íslandi.

Auk þess eru umboðsmenn á Álandi (Viveca Lindberg), Færeyjum (Rói Patursson) og Grænlandi (Alibak Hard). Þá er vefstjórinn Larry Kärkkäinen í Finlandi.

Starfsfólk NVL hefur sameiginlegt vinnuumhverfi á netinu og starfar því í vissum skilningi á sömu skrifstofu þótt þau séu hver í sínu landi.

Norræna tengslanetið heldur úti vefsíðunni <http://nordvux.net/>. Þar eru fréttir á fimm Norðurlandmálum. Auk þess er fréttum dreift með rafmiðli (DialogWeb), sem kemur út 8 sænnum á ári og einu sinni á ári kemur út prentað tímarit (Dialog) með úrvali greina úr vefritinu. Hvöttu þær Sigrún og Antra til að við létum vita af atburðum í fullorðinsfræðslu á Íslandi.

Undir NVL starfa ein 11 netverkefni og vinnuhópar. Auk þess eru mörg norræn verkefni í gangi utan NVL og má lesa um þau á vef NVL.

Á vegum NVL eru allmörg temaverkefni í gangi (9) sem og verkefni svo sem í raunfærnimati.

Frekari upplýsingar er að fá á vef NVL, sem allir þeir sem áhuga hafa á fullorðinsfræðslu eru hvattir til að kynna sér.

Antra og Sigrún Kristín yfirgáfu fundinn að loknum 1. dagskrárlið.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin var lögð fram og samþykkt.

3. Aðalfundur Leiknar fyrir árið 2007.

Ákveðið var að aðalfundur Leiknar fyrir árið 2007 verði haldinn hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins föstudaginn 25. maí kl. 12. Boðið verði upp á léttar veitingar og ætlar Mímir og Fa að sjá um þær. Fundarefni verði samkvæmt samþykktum Leiknar. Formanni falið að senda út fundarboð svo sem samþykktir kveða á um.

Gjaldkeri mun reyna að ljúka gerð ársreikninga svo fljótt sem auðið er.

Fyrir aðalfund verður boðað til stjórnarfundar, k. 10.30.

4. Norrænn vinnufundur um fullorðinsfræðslu og hjálparstarf (sbr. síðasta fund).

Þróunarsamvinnustofnun, Hjálparstofnun kirkjunnar, Rauða krossinum og UNICEF á Íslandi hafa verið send boð um fundinn. Ekki hafa borist svör frá þessum aðilum hvort þau muni senda fulltrúa á fundinn.

Enginn félagsaðili hefur lýst áhuga á að sækja fundinn.

Hulda Ólafsdóttir kvaðst hugsanlega geta sótt fundinn og samnýtt ferðina til funda í ABF Norden, þannig að Leikn bæri ekki kostnað af ferðinni. Var Hulda hvött til að kanna það mál til hlítar.

10. Vistun verkefna sem samið var um við Mennt.

Formaður greindi frá því að verði hann endurkjörinn formaður á aðalfundi bjóðist hann til að Fræðslumiðstöð Vestfjarða yfirtaki samning við Mennt um daglega umsýslu fyrir Leikn. Samþykkt að formaður gangi eftir því við Mennt að senda reikning vegna utanumhalds á árinu.

Voru fundarmenn sammála um að æskilegt væri að starfið fylgdi formanni, ef þess væri kostur. Ákvörðun um málið var frestað fram yfir aðalfund.

Fundi slitið kl. 14:10
Smári Haraldsson ritaði fundargerð